

VERKEFNI 1.A.


Notaðu reglustiku og/eða gráðuboga. Gott er að rissa upp allar myndir. Þær þurfa ekki að vera nákvæmlega teiknaðar.

1. Dragðu strikið  $AE = 8$  cm.  
Merktu punktana B, C og D á línuna á milli A og E (sama hvar á línunni punktarnir lenda). Tilgreindu þau 10 mismunandi strik, sem þú getur lesið út úr myndinni.

2. Teiknaðu grannhornin  $x$  og  $y$  þar sem  $x = 56^\circ$ .  
Hve stórt er hornið  $y$ ?

3. Hver er oddpunkt horns, sem merkt er svona: STP ?  
Teiknaðu hornið og merktu.


4. Hve stór eru grannhorn ef annað hornið er þrefalt stærra en hitt?




5. Myndin sýnir lagshorn.  
Hve stórt er hvort þeirra?

6. Teiknaðu topphorn þar sem eitt hornið er  $24^\circ$ . Hve stór eru hin hornin í hornafernunni?


7. Hve stór eru hornin  $x$ ,  $y$ , og  $z$  ef línurnar  $r$  og  $s$  eru samsíða?




8. Línurnar  $t$  og  $p$  eru samsíða.  
Reiknaðu  $v$  og stærðirnar á hornunum  $x$  og  $q$  ?




9. Línurnar  $r$  og  $s$  eru samsíða. Reiknaðu stærðir hornanna  $x$  og  $z$ .




10. Líttu á myndina hér til hliðar.
- Hve stórt er hornið  $x$ ?
  - Hvað nefnist hornaparið  $x$  og  $y$ ?
  - Hve stórt er hornið  $z$ ?
  - Hvað nefnist hornaparið  $x$  og  $z$ ?
  - Hvað nefnist hornaparið  $x$  og  $q$ ?




11. Línurnar  $m$  og  $n$  eru samsíða ( $m \parallel n$ ) og eru skornar af línunni  $l$ . Hvaða horn eru einslæg horninu  $x$  (og þá um leið jafn stór og  $x$ )?




12. Línurnar  $m$  og  $n$  eru samsíða og báðar skornar af línunni  $l$ . Reiknaðu hornin  $a$ ,  $b$  og  $c$ ?



13. Hve stór eru hornin  $a$  og  $b$ ?




14. Hornin  $y$  og  $z$  eru lagshorn. Hve stór eru hornin  $x$ ,  $y$ , og  $z$ ?




15. Þú veist að rétt horn er  $90^\circ$  og að bein lína er  $180^\circ$ . Nýttu þér það til að finna stærðir hornanna:


- a) BMA      b) CMD  
c) BMD      d) AMD




16. Línurnar  $r$  og  $s$  eru samsíða. Hve stór eru hornin  $x$ ,  $y$ , og  $z$ ?




17. Línurnar  $l$  og  $m$  eru ekki samsíða. Finndu stærð hornanna sem merkt eru bókstöfum.




18. Settu upp jöfnu til að reikna út gildið á  $x$  og stærð hornsins  $y$ .




19. Tvær af línunum  $r$ ,  $s$  og  $t$  eru samsíða. Finndu út hverjar.




20. Línurnar  $m$  og  $n$  eru ekki samsíða. Rökstyddu af hverju það er svo.





21. Reiknaðu gildið á  $x$ .



22. Línurnar  $s$ ,  $k$  og  $o$  eru samsíða. Reiknaðu gildi  $x$  og  $y$ .



23. Hve stórt er hornið  $z$  ?



Æfingapróf 1